

Dags eftirlits	4.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	725312,177 512055,178

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru settar fram um að bæta þurfi skráningar í rekstrarhandbók og að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað og ávallt til taks í stöðinni.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Óseyri, Reyðarfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma í stærsta geymi allt að 1.280m³ af olíu í þró I, 1.350 m³ af olíu í stærsta geymi í þró II og allt að 500 m³ af bensíni með gegnumstreymi minna en 5.000 tonn á ári. Þá er heimil móttaka á úrgangsolíu. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2027.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020, en tvær ábendingar voru settar fram er varðar skráningu á mánaðarblöð og tóma efnabamba í þró. Brugðist hefur verið við ábendingum varðandi efnabambana en bæta þarf enn úr skráningum á mælingum í olíuskilju. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og er umfangið álíka og verið hefur.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Tíu geymar eru í stöðinni í þremur olíuþróum, ein þróin er sameiginleg með bikgeymi Vegagerðarinnar. Geymarnir hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum nema geymir nr. 730.06.00 en hann stendur tómur og hefur verið tekinn úr notkun. Þrjár lagnir eru í stöðinni og voru þær þrýstiprófaðar á árunum 2020 og 2021.

Olíuskiljan er þjónustuð reglulega og var síðast tæmd 14. apríl sl. Olíuþróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli úr olíuskiljum skv. gr. 4.2 í starfsleyfi, er eftirlitið fór fram og kom engin olía fram á þeim prófunum. Sjálfvirkir rafmagnslokak eru á skiljum úr þróum.

Bensín er geymt í stöðinni. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva, eru fyrirbyggjandi geymar með föstu þaki í olíubirgðastöðvum undanþegnir ákvæðum um gufuendurnýtingarþúnað. Stöðin á Reyðarfirði hefur ekki gufusöfnunarbúnað.

Löndunarstútar á bryggju hafa verið endurbættir og settir um þá læst skýli. Góðar árekstrarvarnir eru við stútana. Olíu er landað inn í stöðina að meðaltali einu sinni í mánuði.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í starfsstöðinni og ábending sett fram um að bæta þurfi skráningarnar og þá sérstaklega varðandi mælingar og þjónustu við olíuskilju.

Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í

rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg og starfsleyfið til staðar. Bent var á að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Þjálfunarnámskeið eru haldin reglulega fyrir starfsmenn birgðastöðva og skýrar verklagsreglur og námsefni er í starfsmannahandbók sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á rafrænum grunni rekstraraðila.

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað til móttökustöðvar úrgangs í Fjarðabyggð en úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem síðan er flutt í Örfirisey. Úrgangsolíugeymirinn stendur á steinsteyptu plani og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olíuheldar þrær skoðaðar. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Girðingar voru í lagi og hlið stóð læst þegar að var komið.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skráningar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar og þá sérstaklega mælingar og þjónustu við olíuskilju.

Einnig var sett fram ábending um að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Annað

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 25.10.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta

bls. 3

